



27-Aug-2013

SAGA 3.1.36

What's New overview

Copyright ©2013 TM Software - Heilbrigðislausnir. All rights reserved.

ADT (gaADT)

- ADT

Aðgerðin „Leiðréttu innritunartíma á deild“ er nú orðin aðgengileg í Lotum (ADT). Virknin er eins og í Legum: eftir að sjúklingur er valinn og flipinn „Deildir“ opnaður, þá er hægri-smellt á viðeigandi deild og valið „Leiðréttu innritunartíma“ úr valmyndinni.

ac#40859,tt#51743

- Lotur

Aðgerðin „Leiðréttu innritunartíma á deild“ er nú aðgengileg í Lotum þó svo að sjúklingur sé útskrifaður úr vist, þ.e. farinn af spítalanum (áður fyrr var aðgerðin óvirk í valmyndum eftir útskrift).

ac#41637,tt#52301

Aðvaranir sjúklings

- Aðvaranir - Breytingasaga

Nú birtast söguleg gögn fyrir staðfestingu ofnæmis í sér töflu þegar valið er að sýna breytingasögu aðvarana. Ef ekkert ofnæmi er til staðar þegar staðfest er þá litast línan í töflunni græn.

tt#52054

- Aðvaranir - Meðferðarstig

Textinn „Bibap/Cipap“ hefur verið leiðréttur í „Bibap/Cpap“

tt#52055,tt#52056

- Ofnæmisaðvaranir - Uppsprettigluggi

Aðvörun birtist nú aðeins ef til er óstaðfest ofnæmi.

ac#41487,tt#52174,tt#52321

- Aðvaranaskráning

Staðfesta-hnappur og Vista-hnappur hafa verið sameinaðir í einn hnapp sem heitir Staðfesta er staðsettur þar sem Vista-hnappur var áður. Þegar ýtt er á Staðfesta-hnapp þá lokast glugginn og staða ofnæmis er staðfest.

tt#52249,tt#52273

Afgreiðsla (gaSab)

- Afgreiðsla

Nú er hægt að hætta við að ganga frá greiðslu þegar glugginn kemur upp sem spyr um fjölda kvittana (stilligildi 2043 stýrir því hvort hann birtist eða ekki). Ef hætt er við þá dettur notandinn einfaldlega aftur inn í greiðslugluggann eða greiða afgreiðsluseðil gluggann sé verið að gera upp skuld. Þaðan er þá hægt að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist og gjaldaliðir eru ekki merkt frágengnir fyrr en búíð er að staðfesta alla leið í gegnum greiðsluferlið.

ac#34485,tt#46855

- Afgreiðsla

Undir ákveðnum kringumstæðum gerðist það að ef útprentun kvittunar brást þegar verið var að greiða afgreiðsluseðil þá hékk afgreiðsluseðillinn áfram í listanum í glugganum yfir ógreidda afgreiðsluseðla, þótt í raun væri búíð að ganga frá greiðslu og kvittun varð til, en prentaðist bara ekki. Þá gat fólk reynt að prenta aftur sem varð til þess að greiðsla á greiðsluseðlinum tvígreiddist og kom tvisvar fram á uppgjöri. Þetta hefur nú verið lagað, svo að ef prentun tekst ekki en greiðslan skráist, þá fær notandi upplýsingar um kvittunarnúmerið og getur endurprentað kvittunina síðar þegar prentun er komin í lag.

tt#51478



- Afgreiðsla - Límmiðaútprentun

Ef prentaður er út límmiði fyrir lotutengdatímabókun, sem ekki er búið að skrá komu á, þá prentast nú út núverandi ábyrgur læknir lotunnar sé ekki skráður læknir í „Læknir/staðs.“ í tímabókunarglugganum.

ac#40943,tt#51910

Afritanir inn á læknabréf

- Eyðublað

Nú er hægt að afrita af Dagdeildarskrá #442 inn á Læknabréf #186.

ac#40918,tt#51808,tt#51924

Atvikaskráning

- Atvikaskráning

Í einingunni „Atvikaskráning“ er hægt að skrá atvik sem sjúklingar verða fyrir og flokkast sem óhappatilvik, mistök, vanræksla eða annað sem veldur (eða hefði getað valdið) sjúklingi tjóni eða haft áhrif á meðferð hans að öðru leyti.

Askja - Skýrslur

Nokkrar skýrslur hafa verið búnar til sem taka út helstu skráningaratriði og gefa yfirlit yfir stöðu atvika innan stofnunarinnar. Þær eru:

- Staða atvika eftir dögum
- Atvik skráð á tímabili
- Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokk
- Atvik eftir stöðu, alvarleika og yfirflokk
- Atvik eftir alvarleika, stöðu og yfirflokk
- Atvik eftir yfirflokk, alvarleika og stöðu
- Yfirlit yfir atvik
- Yfirlit yfir atvik - annað
- Yfirlit yfir afleiðingar

Handbók lýsir nánar hvaða skilyrði liggja að baki hverri skýrslu, þ.m.t. röðun sem er t.d. stundum fyrirfram ákveðin og stundum í algengisröð. Ein skýrsla hefur verið aðlöguð sérstaklega að sjálfvirkum sendingum, það er skýrslan „Atvik skráð á tímabili - sjálfvirk keyrsla“ en hún sést almennt ekki í lista yfir skýrslur. Hún hefur sjálfgefið tímabil ein vika í stað eins mánaðar og þarf að setja upp á ákveðinn hátt ásamt stillingum fyrir sjálfvirkar sendingar. Hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá leiðbeiningar eða aðstoð við uppsetningu.

Ekki er öll starfsemi heilbrigðisstofnana eins á landsvísu og viðbúið að vaktir byrji og endi ekki endilega á sama tíma. Skýrslan „Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokk“ flokkar atvik eftir dagshlutum sem skilgreindir eru því á hverjum stað fyrir sig. Dæmi um dagshluta eru dagvakt, kvöldvakt og næturvakt eða morgunn, eftirmiðdagur, kvöld og nótt. Þetta má skilgreina að vild skv. ákveðinni grunnreglu sem er lýst hér á eftir, en vinsamlegast hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá aðstoð við uppsetningu þessara skilgreininga, a.m.k. í fyrsta sinn sem það er gert.

Grunnregla við skilgreiningu dagshluta er sú að einn dagshluti tekur við af öðrum án þess að skarast. Þetta þýðir að ef dagvakt er t.d. frá 07:30 til 15:30 og kvöldvakt frá 15:30 - 23:30, þá er skilgreiningin gerð á eftirfarandi hátt: Dagvakt: 07:30 - 15:29; kvöldvakt: 15:30 - 23:30 o.s.frv. Annars kemur villa við gagnainnlestur.

Askja - Gagnateningur

Hægt er að draga gögn saman á margvíslegan hátt í Excel með því að tengjast gagnateningi sem inniheldur



allar lykilupplýsingar úr atvikaskráningu.

tt#49009,tt#49010,tt#49011,tt#49012,tt#49013,tt#49014,tt#49015,tt#49016,tt#49017,tt#49018,tt#49019,tt#49020,tt#49021,tt#49990,tt#50210,tt#51281,tt#51511

Biðlisti (gaWaitingList)

● Biðlisti - Vinnulisti

Gerðar hafa verið verulegar breytingar á því hvernig biðlisti og meðferðarbiðlisti (í einingunni Biðlisti), og listinn um beiðnir í Vinnulista eru sóttir í gagnagrunninn. Þúar hafa verið til sérstakar töflur í sem geyma aðeins gögn sem tilheyra þessum listum. Þetta er gert til að flýta fyrir uppflettingu í þessum listum. Hins vegar til að þetta virki þarf að stilla ApplicationServer þannig að hann útbúi þessar sérstöku töflur. Til að gera það þarf að virkja viðkomandi þjónustu með því að bæta skilgreiningu fyrir þjónustuna inn í .config skrána. Hægt er að stilla hversu ört þessir listar eru endurreiknaðir eftir að viðkomandi eyðublaði hefur verið breytt. Hér í dæminu að neðan er það stillt á 15 sek fresti.

```
<SagaServiceConfiguration>  
<SagaServiceTasks>
```

```
<add name="Gagnabreytingar" type="Saga.BusinessLogic.SearchIndexing.DataChangesService,  
Saga.BusinessLogic" interval="15000" enable="true" />
```

```
</SagaServiceTasks>  
</SagaServiceConfiguration>
```

ac#40785,ac#40892,ac#40893,tt#51737,tt#51778,tt#51779,tt#51780,tt#52150

● Afgreiðsla

Ef tímabókun er gerð á meðferðarbiðlistadeild er hægt að tengja hana við „Beiðni um meðferð“ (#377) ef við á. Virkni hefur verið breytt lítillega í tengslum við það og er nú eingöngu hægt að tengja beiðnir við tímabókanir þar sem form tímabókunar er flokkað sem koma en ekki símtal. Þetta þýðir að ekki er spurt hvort tengja skuli tímabókun við ákveðna beiðni fyrir en eftir að tímabókunin hefur verið skráð og ljóst er af hvorri tegundinni tímabókunin er.

Hægt er að breyta formi tímabókunar á meðan koma er ekki skráð á milli tegundanna tveggja, en notandi er ávallt spurður hvort hann vilji framkvæma breytinguna og þar með rjúfa tengslin við beiðnina sé hann að breyta úr símtali yfir í komu. Dettur þá beiðnin aftur inn á lista yfir ótengdar beiðnir, svo framarlega sem hún sé ekki komin í stöðuna „Í meðferð“ eða „Innkallaður“. Ef beiðnin er hins vegar komin í aðra hvora stöðuna og notandi kys að halda áfram, þá eru tengslin við beiðnina rofin, en ef beiðnin skal birtast aftur í listanum þarf að handbreyta stöðu hennar í Eyðublöðum eða Biðlista.

Hægt er að breyta formi tímabókunar fyrir komu yfir í annað form tímabókunar sem einnig er koma án þess að tengsl við beiðni rofni. Ekki er þá sérstaklega vakin athygli á að beiðni sé tengd tímabókuninni heldur er breytingin framkvæmd þegjandi og hljóðalaust.

ac#40912,tt#51809

eMR Komponentar

● Kóðaleit - forgangsheiti

Flýtilistar, sjúklingakort og starfsmannakort styðja nú leit í forgangsheitum. Þ.e.a.s. ef ákveðið orðalag á kóða er skilgreint sem forgangsheiti, þá finnst það við leit í flýtilistum, sjúklingakorti og starfsmannakorti sem og að sjálfsögðu í kóðaleitinni sjálfri. Stöðumerking forgangsheita hefur þá forgang umfram það sem kóðaleitartaflan sjálf gefur til kynna, þannig að ef forgangsheiti er skilgreint í forgangsheitatöflu þá er það staðan þar sem gildir (hægt er að merkja kóða virka eða óvirka í þeirri töflu) en ekki staðan í kóðaleitartöflunni, sama hver staða heitisins er í henni.

ATH. Þetta á einungis við um ICD-10 kóða að svo stöddu og þeir sem mega velja úr forgangsheitalistum eru skilgreindir með stilligildi 48, út frá skráðum auðkennum notendahlutverka samsvarandi því sem skráð er í Kerfismsjón.



- Eyðublöð

Nú er hægt að nota CTRL hnappinn til að velja margar greiningar í einu í eftirfarandi eyðublöðum:
eb36: Samskiptaseðill
eb193: Samskiptaseðill - Flýtilistar

ac#40424,tt#51464

- Eyðublöð - DRTG

Nú er hægt að fjöldavelja í flípanum „Myndgreiningar (DRTG“ í þeim eyðublöðum sem bjóða upp á myndgreiningar með því að halda niðri CTRL hnappinum.

ac#40433,tt#51465,tt#51853,tt#51854

Eyðublað

- Rafræn eyðublöð - Tilkynning um aukaverkanir lyfja

Nú er hægt að senda rafrænt bréf vegna aukaverkana lyfja til Lyfjastofnunar.

tt#50762,tt#50763,tt#50764,tt#50765,tt#52365

- Fæðingartilkynningar

Á blaði #167 („Tilkynning um fæðingu“) er nú hægt að velja föður barns úr Þjóðskrá án þess að hann verði að vera skráður sem aðstandandi móður. Þetta er gert með því að smella á „P“ hnappinn við hliðina á „F“ hnappinum í blaðinu. Ath. að þó að faðir nýbura sé á þennan hátt valinn úr Þjóðskrá án þess að vera aðstandandi móður þá er hann eftir sem áður skráður sem aðstandandi nýburans þegar blaðið er staðfest.

ac#39796,tt#51000

- Vefjarannsóknir

Stofnuð hafa verið eyðublöðin „Beiðni um vefjarannsókn“ og „Vefjarannsóknarsvar“, sem gera mögulegt að senda rafrænar beiðnir til Vefjarannsóknarstofu, og fá þaðan rafræn svör.

tt#50276,tt#51062,tt#51063,tt#51064,tt#51065,tt#51066,tt#51067,tt#51068,tt#51069,tt#51070,tt#51071,tt#51072,tt#51123,tt#51857,tt#51908,tt#51909

- Eyðublöð - Afritun og Breyting

Nú er hægt að breyta og afrita eyðublöð sem innihalda hákommu, ""."

ac#40006,tt#51214

- Eyðublað - (sp) Augnskoðun (#445)

Nýtt eyðublað er komið í Sögu sem er sérsniðið að þörfum augnlækna. Það byggir á eldra blaði, "(sp) Almenn skoðun", en hefur verið einfaldað og betrubætt. Hægt er að búa til gleraugnarecept beint úr blaðinu og beintenging er við Nidek-mælingatæki, sé ákveðin uppsetning til staðar.

Afritun á "(sp) Gleraugnarecept" (#304), ef búið er til gleraugnarecept með venjulegum hætti, tekur nú í staðinn mælingar af nýja blaðinu og hættir að tengjast hinu gamla. Þessi afritun er reyndar einungis í boði sé stilligildi 158 slökkt, og er þá afritað með því að smella á hnapp á receptinu, annars er notast við augnmælingar úr Mælingum.

Hægt er að afrita upplýsingar af "Augnskoðun" bæði á "Almennt læknaþrá" (#64) eða "Læknaþrá" (#186). "Almennt læknaþrá" er textasvæði þar sem allt afritast í texta, en á "Læknaþrá" eru greiningar og meðferðir afritaðar í partilgerða kafla. Annað fer í textasvæðið.

tt#51397,tt#51512,tt#51888,tt#51916,tt#51917

- Eyðublaðaeining - Þakskírteini

Komið er nýtt eyðublað náskilt "TR-V lyfjaskírteini" sem ber nafnið "TR-V Þakskírteini SÍ vegna lyfjakostnaðar."

Þetta eyðublað er notað þegar sjúklingur er kominn yfir ákveðinn lyfjakostnað á 12 mánaða tímabili. Þá getur

læknir sótt um 100% greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands.

Virkni útfærð með þessu blaði:

- Hægt að búa til í eyðublaðaeiningunni.
- Senda rafrænt
- Skoða í textasýn

Þessi virkni kemur inn í útgáfur

- 3.1.35.20
- 3.1.36.1

tt#51934,tt#51935,tt#51963,tt#51976,tt#51992,tt#52017,tt#52018,tt#52019

● Eyðublað - Fæðingartilkygning (#167)

Nú er hægt að hreinsa eftirfarandi reiti, hafi óvart eitthvað verið valið sem svo í ljós kom að var ekki rétt.

Móðir - Tjáskiptaörðugleikar
Viðstödd fæðingu - Nafn ljósmóður
Viðstödd fæðingu - Starfsheiti
Meðganga og fæðing - Fósturstaða
Meðganga og fæðing - Fæðingarstilling
Meðganga og fæðing - Upphaf fæðingar
Barn - Barn lagt á brjóst
Barn - Barn fékk ábót

ac#41197,tt#52043

● Eyðublað - Bráðamóttökuskrá #418

1. Heiti kaflans „Nóta“ hefur verið breytt í „Saga“.
2. Bætt var við þrem nýjum köflum, „Skoðun“, „Rannsóknir“ og „Umræða og afdrif“.

ac#41260,tt#52112

● Eyðublað - Grunnvottorð vegna krabbameins

Eyðublað var uppfært til samræmis við vef SÍ. Bætt var við möguleikanum "Flokkur III - líknandi meðferð í heimahúsi" í kaflanum "Flokkun m.v. heilsufar og sjúkrasögu."

ac#41313,tt#52148,tt#52164

● Eyðublað - Niðurstaða meðferða/rannsóknar #411

Lengd innsláttarsvæðisins fyrir svar er nú ótakmörkuð.

ac#41485,tt#52170,tt#52324

● Eyðublað - Grunnvottorð vegna krabbameins

Blaðið var uppfært svo það samsvari blaði á vef Sjúkratrygginga Íslands. Breytingar voru gerðar í kaflanum "Flokkun m.v. heilsufar" þar sem texti var uppfærður og tímalengdarval fjarlæggt.

tt#52175

● Eyðublað - Grunnvottorð vegna nýrnabilunar

Blaðið var uppfært svo það samsvari blaði á vef Sjúkratrygginga Íslands. Breytingar voru gerðar í kaflanum "Flokkun m.v. heilsufar" þar sem texti var uppfærður og tímalengdarval fjarlæggt.

tt#52176

● Eyðublöð - TR-V greinagerð vegna tryggingaratburðar

Sjálfgefin gildi haka í "Afleiðing tjónsatviks" hafa verið tekin út.



- Eyðublað - „(or) Sjúkraskrá" (#15)

Bætt hefur verið inn tveimur hakreitum fyrir áhættubætti á eyðublaðið „(or) Sjúkraskrá" (#9) sem hafa hingað til verið veljanlegir á „(or) Innlagnarbeiðni" (#9). Þetta eru reitirnir „skjaldkirtilssjúkdómur" og „litíummeðferð".

tt#52221,tt#52384

- Eyðublað - (pt) Dagnóta (#25)

Afritun frá síðustu dagnótu hefur verið lagfærð, þannig að nú afritast síðasta dagnóta sem búin var til á viðkomandi deild, þ.e.a.s. sú dagnóta sem finnst í nýlegustu samskiptunum með nýlegustu undirritunardagsetningu. Áður var hætt á að ef eldri dagnóta var lagfærð úr eldri samskiptum þá færu gögn af henni að flækjast fyrir og jafnvel milli deilda.

ac#41749,tt#52436,tt#52454

- Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292)

Ekki er lengur hægt að breyta eftirritunarhakinu fyrir lyf á lyfseðlum. Upplýsingar í lyfjaverðskránni ráða því hvort hakað er við að lyf sé eftirritunarskylt.

tt#52442

- Eyðublað - Dagdeildarskrá (#442)

Afritun frá síðustu dagdeildarskrá hefur verið lagfærð, þannig að nú afritast síðasta dagdeildarskrá sem búin var til á viðkomandi deild, þ.e.a.s. sú dagdeildarskrá sem finnst í nýlegustu samskiptunum með nýlegustu undirritunardagsetningu. Áður var hætt á að ef eldri dagdeildarskrá var lagfærð úr eldri samskiptum þá færu gögn af henni að flækjast fyrir og jafnvel milli deilda.

tt#52448,tt#52449

- Eyðublað - (or) Göngudeildarnóta (#58)

Afritun frá síðustu göngudeildarnótu hefur verið lagfærð, þannig að nú afritast síðasta göngudeildarnóta sem búin var til á viðkomandi deild, þ.e.a.s. sú göngudeildarnóta sem finnst í nýlegustu samskiptunum með nýlegustu undirritunardagsetningu. Áður var hætt á að ef eldri göngudeildarnóta var lagfærð úr eldri samskiptum þá færu gögn af henni að flækjast fyrir.

tt#52452,tt#52453

Eyðublöð (gaSheetModule)

- Eyðublöð - vandaliðun

Nú hakast/afhakast allar greiningar úrlausnar þegar smelt er á úrlausn í töflunni.

ac#39874,tt#51057

- Eyðublöð

Ef blaði er bætt í frágengna lotu þá er nú hægt með stilligildi #161 („Enduroþna frágengna lotu ef nýtt blað í #1086") að stýra því hvort lotan breytist í ófrágengna.

Ef stilligildi #161 er virkt þá er athugað hvort nýja blaðið sé af tegund sem er upptalin í stilligildi #1086 („Listi af eyðublöðum með ADT kóða") og einungis ef svo er þá er lotan endustillt sem ófrágengin - ef nýja blaðið er af tegund sem er ekki upptalin í #1086 þá helst lotan frágengin.

Ef stilligildi #161 er ekki virkt þá er þessi virkni óbreytt, og lotan breytist alltaf í ófrágengna burtséð frá af hvaða tegund nýja blaðið er.

ac#40545,tt#51539

- Eyðublöð

Hægt er að koma í veg fyrir að notendur geti í viðmóti afritað-og-límt ákveðnar tegundir eyðublaða með því



að setja ALLOW_COPY í töflunni S_SHEET_INFO fyrir viðkomandi eyðublað á „0“.

tt#51587

- Eyðublöð

Í lista yfir eyðublöð í völdum samskiptum er nú hægt að leita með því að hafa fókusinn á listanum og skrifa inn texta. Þá er leitað eftir fremsta textadálkinum í listanum. T.d. til að leita eftir blaði útfyllt af tilteknum einstaklingi er hægt að draga þann dálk fremst og byrja svo að slá inn nafn þess sem fyllti út blaðið.

tt#51715

- Eyðublöð - vandaliðun

Eftirfarandi eyðublöð er nú hægt að vandaliða til viðbótar við vottorð, læknaþréf og hjúkrunarþréf sem áður var hægt að vandaliða, þ.e.a.s. tengja við greiningu á eyðublöðum. Þannig er hægt að vísa í að þau hafi verið gerð sem partur af eftirfylgni við meðferð sjúklingsins.

Ath. ekki eru þau öll virk samt og ekki endilega hægt að búa þau til, heldur var í sumum tilvikum verið að auðkenna þau betur þar sem þau eru hluti af sjúkrasögu sjúklings.

360Beiðni um alnæmis - og lifrabólguþróf
221Beiðni um blóðrannsókn
406Beiðni um EKG, Holter, EEG
229Beiðni um frumu- og vefjarannsókn
350Beiðni um heimahjúkrun
355Beiðni um myndgreiningu
381Beiðni um myndgreiningu (Orkuhúsið)
529Beiðni um myndgreiningu (Röntgen Domus)
149Beiðni um speglun
312Beiðni um sjúkraflutn. innan LSH
63Beiðni um sýklarannsókn
444Beiðni um þjónustu hjá VIRK
530Beiðni um vefjarannsókn (Vefjarannsóknarstofan)
56Beiðni um vökva- og saurrannsóknir
311Blindir/sjónskertir -tilvísun
378Innköllun í meðferð
362Innlagnarbeiðni - Sóltún
414MedicAlert
222Niðurstöður rannsókna I
361Niðurstöður rannsókna II (textasvar)
382Niðurstöður rannsókna II (Orkuhúsið)
528Niðurstöður rannsókna (Röntgen Domus)
411Niðurstaða meðferðar / rannsóknar
323Ómskoðun
354Súrefnismeðferð
346Tilvísun á BUGL
417TR-V fylgiblað með reikningum v/milliríkjasamn.
531Vefjarannsóknarsvar (Vefjarannsóknarstofan)
313V-vottorðavottorð
199(er) Rannsóknaniðurstöður v/ sykursýki
420(hsu) Beiðni um blóðrannsókn
374(HTÍ) Læknaþréf
164(or) Álit sérfræðings -svarblað
238(er) Læknaþréf v/sykursýki
297(er) Slysadeildarþréf - enskt
300(pt) Læknaþréf -BUGL
398(x) Hjúkrunarþréf

ac#35310,ac#40906,tt#47531,tt#47532,tt#51855

- Eyðublöð - afritun lyfjatexta



Á sumum eyðublöðum er hægt að afrita upplýsingar um virk lyf á lyfjakorti. Grunnupplýsingar eru þá afritaðar (styrkur, taka, skipti o.s.frv.) og upphafsdagur og áætluð tökulok. Ef lyfseðill var fjölnota var búið að gera ráð fyrir því í útreikningum og áætluð tökulok tóku mið af því, en hvergi kom fram í textanum hversu margar afhendingar sjúklingur mátti fá. Það sést núna og gætu því upplýsingar af dæmigerðum fjölnota lyfseðli verið birtar svona:

"Ibufen, töflur, 100x4, 600 mg, 1 stk þrisvar á dag, 25.03.2013, 03.08.2013"

tt#51882,tt#51883

- Eyðublöð - Lyfseðlar

R merking lyfja á rafrænum lyfseðlum skilar sér nú í öllum tilfellum í apótekakerfi.

tt#52366,tt#52367

Forsíða sjúklings (gaPatientCover)

- Forsíða sjúklings - Aðstandendur

Nú birtist fjölskylda úr þjóðskrá líka undir "Persónuupplýsingar/Aðstandendur" eins og aðrir aðstandendur.

tt#51440

- Forsíða sjúklings - Sjúkingaval

Þegar listi af sjúklingum "Í minni umsjá" eða "Mínir sjúklingar" breytast þá uppfærast síðan.

ac#40712,tt#51664

- Forsíða sjúklings - Yfirlit

Hægt er að stilla sýn þannig að "Dagbók sjúklings" sé vinstra megin.

tt#51773

- Forsíða sjúklings - Hjúkrunaryfirlit

Bætt var við dálknum "Súrefnismettun" í mælingaglugganum.

ac#41161,tt#51991

- Forsíða sjúklings - viðhengi

Bætt var við dálknum "Nafn" en hann er frábrugðinn dálknum "Skráarnafn" að því leiti að notandi getur breytt nafninu á lýsandi hátt í Sögu kerfinu án þess að eiga við skrána á tölvu notanda.

ac#41100,tt#52023

- Forsíða sjúklings - Greiningar

Bætt var við nýjum dálki fyrir ICD-10 greiningu þannig að nú er hægt að raða eftir greiningarkóða

tt#52057,tt#52059

- Forsíða sjúklings - Hjúkrunaryfirlit

Framvindunótum er nú raðað eftir greiningum, eins og í meðferðareiningunni.

ac#41229,tt#52065

- Forsíða sjúklings - Yfirlit

Lagfærð villa sem veldur því að gluggi með textanum "View already exists in region" birtist.

tt#52219

- Forsíða sjúklings - Sjúklingaleit

Leitin sleppir nú öllum bilum sem sett eru fyrir framan og/eða aftan leitarstrenginn.

tt#52222



- Forsíða sjúklings - Hjúkrunaryfirlit

Hægt er að ráða hvort framvindunótur séu flokkaðar eftir greiningum (sem hingað til hefur alltaf verið gert). Ef ekki er flokkað eftir greiningum þá koma allar nótur sjúklings í einni tímaröð.

tt#52243

- Forsíða sjúklings - Yfirlit - Eyðublöð

Sýnt er hvort eyðublöð séu staðfest eður ei með iconi fremst í eyðublaðalistanum.

tt#52248

- Forsíða - Mælingar og meðferðarskráning

Nú opnast réttir flipar í mælingaeiningu og meðferðareiningu þegar þær eru opnaðar úr forsíðu.

tt#52337,tt#52338,tt#52339



tt#52463,tt#52486

Kerfisumsjón (gaAdministrator)

- Deildir í GA_GROUP

Sjálfgefin tegund sjúklings(DEF_PAT_TYPE) hefur verið uppfærð í „Legusjúklingur á legudeild“ þar sem áður var „Skammtíma legusjúklingur“ eða „Langtíma legusjúklingur“.

tt#52125,tt#52145

- Kerfisumsjón - Notendur

"Virkur" tékkboxið hefur verið tekið í burtu en í stað þess er fellivallisti þar sem hægt er að velja Virkur/Óvirkur/Tímabundið virkur. Ef "Tímabundið virkur" er valið þá birtist innsláttarsvæði fyrir "Virkur til". Notandi verður svo óvirkur daginn eftir þá dagsetningu.

Kerfisumsjón:

Kveikja þarf á uppfærslu sem keyrir hverja nótt og setur útrunna notendur sem óvirka. Þetta er gert í AppServer config skrá undir <SagaServiceTasks>. Í <add name="Deactivate expired users" ...> elementinu þarf enable að vera true.

tt#52326,tt#52327,tt#52328

Legur (gaADTAdmissions)

- Legur

Aðgerðin „Leiðréttá flutning milli þjónustuflokka“ er nú aðgengileg í Legum, og er ræst úr fellivalmynd sem upp kemur þegar hægrismellt er á „Legur“ flipann.

ac#40933,tt#51806

Lyfjakort (gaMedCard)

- Lyfjakort

Þegar fleiri en eitt lyf er endurnýjað hvert á eftir öðru (sem sagt ekki í einni og sömu aðgerðinni) þá eru allir lyfseðlar nú settir í sömu samskipti.

ac#40618,tt#51574

- Lyfjakort

Nýir dálkar í Lyfjakorti. Þar er nú sýnt með hak-merki hvort lyfi hafi verið ávísað á fjölnota lyfseðli og einnig hvort seðillinn hafi verið merktur til afgreiðslu í skammtaöskju. Báðar þessar merkingar halda sér ef lyfseðill er endurnýjaður úr lyfjakorti.

tt#51589

Meðferðarskráning (gaTreatment)

- Meðferðarskráning - hjúkrunarferli

Tvö hjúkrunarferlasöfn skilgreind af Heilbrigðisstofnun Vesturlands innihalda hjúkrunargreiningu sem ber heitið SVEFNTRUFLUN. Sú hjúkrunargreining var uppfærð í stoðtöflum fyrir nokkru en alltaf átti eftir að tryggja að hún væri veljanleg eftir þá uppfærslu í nokkrum ferlum. Það eru eftirfarandi ferli:

- * Lyflækningar (hugsanlega nefnt „HVE - Lyflækningar“ ef er í notkun á stofnun)
- * Öldrun (hugsanlega nefnt „HVE - Öldrun“ ef er í notkun á stofnun)

Eins innihéldu tvö fyrstu hjúkrunarferlasöfnin frá FSA þessa hjúkrunargreiningu. Þeir hafa einnig verið uppfærðir, en eru væntanlega ekki lengur í notkun þar sem ný ferli bárust fyrir ekki svo löngu frá FSA.

- * Handlækningar og bæklunarlækningar (hugsanlega nefnt „FSA - Handlækningar og bæklunarlækningar“ ef er í notkun á stofnun)
- * Lyfjagæild (hugsanlega nefnt „FSA - Lyfjagæild“ ef er í notkun á stofnun)

tt#49365

- Meðferðarskráning - Verkpættir

Nú teiknast punktur við framkvæmd verkpáttar (grænu hringirnir og rauðu tíglarnir) sem segir til um það hvort athugasemd hafi verið skráð.

ac#40886,tt#51785

- Meðferðarskráning - Hjúkrunargreiningar

Textanum „Orsakir“ hefur verið breytt í „Orsakir / áhættuþættir“.

ac#40944,tt#51841

- Sjúklingaval (í klínískri skráningu, meðferð, íhlutum og mælingum)

Stillingar á sjúklingavalinu halda sér núna alltaf þegar skipt er um kerfishluta.

ac#41231,tt#52066,tt#52067

- Meðferð - Framvindunótur og framvindunótusaga

Hægt er að ráða hvort nótur séu flokkaðar eftir greiningum (sem hingað til hefur alltaf verið gert). Ef ekki er flokkað eftir greiningum þá koma allar nótur sjúklings í einni tímaröð. Nótur eru ávalt flokkaðar eftir sjúklingum ef fleiri en einn er valinn.

ac#41533,tt#52226

- Meðferð - Framvinda og verkþætti

Þegar skráð er framvinda og verkþættir (alt-k) þá er innsláttarboxið fyrir framvinduna sjálfkrafa valið.

ac#41617,tt#52280

Mælingar Nýju (gaMeasurements)

- Mælingar - Mat á vanlíðan (DT)

Í Almenn vandamál er komið nýtt skráningaratriði, Ákvörðun um meðferð.

Í Líkamleg vandamál er komið nýtt skráningaratriði, Áfengi, fíkniefni eða lyf.

Nýjum skráningarkafla hefur verið bætt við þar sem hægt er að skrá hvort sjúklingur vilji tala við einhvern um vandamál sín og þá hvern. Hægt er að velja hjúkrunarfræðing, lækni, félagsráðgjafa, prest eða djákna, iðjuþjálfara, næringarfræðing, sálfræðing, sjúkráþjálfara, sjúklingafélag, eða annan.

Þessi nýju atriði afritast líka inn á (or) Göngudeildarnótu ef stilligildi 157 er virkt.

ac#40305,tt#51417,tt#51843

Rafræn eyðublöð (gaWPFElectronicSheets)

- Rafræn eyðublöð - Flokkari



Leitarglugginn sem kemur upp þegar aðili er staddur í óflokkaða flipanum í rafrænum eyðublöðum og hægrismellir og velur "Velja nýjan viðtakanda" hefur verið uppfærður. Texti sem gefur til kynna tengsl við viðtakanda var færður frá botni niðurstöðulista. Hann er núna milli innsláttarreits og niðurstöðulista.

Textinn er ekki lengur falinn þegar leitað hefur verið heldur sýnir textann "Starfsmenn".

tt#51248

- Rafræn eyðublöð - flokkari

Núna eru komnir teljarar á fjölda lína í flipunum "Móttekin skeyti" og "Send skeyti", neðst í listann. Einnig er kominn teljari á línur þegar verið er að flokka eftir dálki

tt#51396

- Rafræn Eyðublöð

Nú er hægt að nota flýtykilinn „Ctrl+W“ til að setja valinn sjúkling sem kerfissjúkling.

ac#40609,tt#51564



ac#41215,tt#52041

Rafræn læknabréf (.NET virkni)



tt#52151,tt#52260,tt#52261

Rafrænar fæðingartilkynningar

- Rafrænar fæðingartilkynningar

Þegar fæðingartilkynning er skráð þá er nýburanum gefið sjálfgefið nafn í sjúklingaskránni (t.d. „Drengur (m. Jóna Jónsdóttir)"). Þegar fæðingartilkynningin er staðfest þá útbýr Þjóðskrá hinsvegar nýtt nafn, og eftir það (þegar uppfærslur berast frá Þjóðskrá) þá er nafninu ekki breytt. Þetta er ákveðið útfrá dálki UR í töflu G_NR_PERSON: ef gildi þess dálks er „2A“ þá er litið svo á að nafnið hafi komið frá Þjóðskrá og því ekki breytt.

ac#41594,tt#52266,tt#52364

RIS (gaRISLinkII)

- RIS og ROS

Neðsta stikan í Sögu sýnir nú helstu upplýsingar um sjúkling inni í þessum einingum.

ac#41096,tt#52071,tt#52072

SAGA



tt#50736,tt#50737,tt#50738,tt#50739,tt#50956,tt#50968,tt#51798,tt#52021

- Afgreiðslukerfi

Bætt var við virkni til að stjórna því hvort gjaldaliðir flokkist utan yfirlagsgjaldaliða þannig að þeir sjáist fyrir neðan yfirlagsgjaldaliði þegar afgreiðslueiningin er opnuð. Þetta er gert svo fljótlegt sé að nálgast algengustu gjaldaliði og ekki þurfi að opna fyrst yfirlagsgjaldalið.

Einnig var búin til tafla sem tengir yfirlagsgjaldaliði við bókhaldslykil úr TBR. Taflan heitir T_SERVICE_CATEGORY_ORRI og hana þarf að uppfæra handvirkt.

Stillingareining



Bætt var við virkni til að tengja bókhaldslykil við yfirgjaldalið þegar valið er "Yfirgjaldaliðir" í trénu. Undir "Gjaldaliðir" er búið að bæta við dálknum "Fella undir yfirgjaldalið (Afgreiðslukerfi)" sem er hakbox. Einnig var röðun yfirfarin svo gjaldaliðir birtast í afgreiðslukerfinu í þeirri röð sem skilgreind er hér.

Vefsíða - Uppgjör

Búið er að bæta við vefsíðu til að nálgast uppgjör. Þar er hægt að nálgast öll uppgjör en þau eru flokkuð eftir dagsetningu. Hægt er að hlaða niður uppgjörum tengdum einu eða fleiri kassanúmerum. Uppgjörið er .csv skrá.

tt#52184

Saga.NET

- Vistunarpplýsingasendingar til Tryggingastofnunar

Núna er hægt að senda vistunarpplýsingar til TR í nær raun tíma.

tt#51183,tt#51833,tt#51861

- Vefþjónustur - ADT GetLatestTreatment

Sækir nýjustu virku lotu.

Finnur nýjustu lotuna út frá innlagnardagsetningu nema til sé nýrri koma á virkri lotu.

Ef til eru virkar lotur á sömu deild og notandinn er á að þá er einungis valið úr þeim lotum.

ac#41068,tt#51919

- Vefþjónusta - Textasýn

Hægt er að sækja textasýn eftir komu í gegnum vefþjónustu.

ac#41548,tt#52229,tt#52230

- Vefþjónustur - TreatmentService

Nýtt fall, GetPatientItems, sem sækir virka íhluti sjúklings eftir kennitölu.

ac#41551,tt#52233,tt#52234

- Vefþjónustur

Komnar eru sex nýjar methodur í vefþjónustuna ScheduleService í SagaServices.

Þær eru SetArrivalLocationStatus, SetArrivalPriority, SetArrivalReason, SetArrivalUser1, SetArrivalUser2, SetArrivalUser3.

Nánari upplýsingar í skjölun fyrir vefþjónusturnar.

ac#41725,tt#52385,tt#52483

- Vefþjónustur

Hægt er að sækja byltumat, áhættu þrýstingssára og næringarástand.

Nýjar methodur í MedicalService sem heita GetLatestFallRiskAssessment, GetLatestPressureWoundskAssessment, GetLatestNutritionStatusAssessment.

Sjá skjölun um vefþjónusturnar fyrir nánari lýsingu.

ac#41779,tt#52433

Sjúklingaval (gaPatientSelectionBar)

- Sjúklingaval

Í glugganum „Í minni umsjá“, sem er valinn neðst í fellivalmyndinni sem kemur þegar smellt er á hnappinn „Velja einstakling“ á tækjaslánni, hefur bæst við hakreiturnar „Sýna mætta sjúklinga“.

Þegar hakað er í þennan reit þá sýnir listinn (til viðbótar við sjúklinga á valinni deild) alla sjúklinga sem eiga komu á einhverri afgreiðsludeild sem er tengd valinni deild þar sem koman er innan við 7 daga gömul, er



tengd ADT komu og er tengd við virka lotu. Þetta eru sömu upplýsingar og sjást í flípanum „Mættir“ í sjúklingavalinu, nema hvað þar er sjálfkrafa miðað við innskráningardeild en í glugganum „Í minni umsjá“ er miðað við deildina sem valin er í fellilistanum.

Að auki hefur töflunni í glugganum verið breytt þannig að hægt er að leita að sjúklingum með því að smella á töfluna og byrja strax að slá inn á lyklaborðið.

ac#40838,tt#51731

Skel (gaShell)

- Skel

Hjálparhnappur er sjálfkrafa falinn úr tólastiku ef Saga er ekki keyrð í meiri upplausn en 1100 punktar á breiddina. Þetta er gert vegna fjölda aðgerða á tólastiku í eyðublöðum. Stillingildi 1170 mun eftir sem áður stjórna því hvort og þá hvar hjálpin fyrir kerfið er uppsett. Ekki mælt með því að slökkva á þessu stilligildi nema hjálpin sé ekki aðgengileg á viðkomandi stofnun.

tt#51927,tt#51928

- Sjúklingastika

Nú er alls staðar hægt að að afrita kennitölur þar sem hún birtist í sjúklingastikunni.

tt#52183

Skriftur

- Meðferðarskráning - hjúkrunarferli

Tilbúin eru þrjú ný hjúkrunarferli tengd skilun, skilgreind af LSH. Þau heita „Blóðskilun“, „Kviðskilun“ og „Blóðvatnsskipti“. Ef óskað er eftir að virkja þau og tengja á deildir þá skal hafa samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna.

ac#39653,tt#50878,tt#50879,tt#51782,tt#51866

- Ofnæmisskráning - snjóhorn

Undir efnaofnæmi er nú hægt að velja nikkell.

ac#41028,tt#51884,tt#51885

- HvarEr - Uppfletting í tímabókunum Sögu

Ekki eru lengur sýndir þeir sem mættu ekki.

ac#41175,tt#52013

- Afgreiðsla - Stillingildi 3025

Lýsingu á stilligildi 3025 hefur verið breytt til að endurspegla betur virkni stilligildisins.

ac#34065,tt#52308

Textasýn (gaTextViewRTF)

- Eyðublað - Læknabréf v/ sykursýki (#408)

„Læknabréf v/ sykursýki“ (#408) sést nú í Textasýn. Innihald bréfsins sést þó eingöngu í ítarlegri sýn.

tt#52134

Vefsíður Sögu

- Meðferð - Framvindunótur og framvindunótusaga

Breytt útlit á texta, dagsetning, starfsmaður og deilf kemur í gráu og textalýsing er dregin inn.

ac#41517,tt#52214

Viðhengi (gaAttachments)



- Viðhengi

Viðamiklar breytingar hafa verið gerðar á viðhengiseiningunni. Búið er að henda út ADO gagnagrunnstengingunni sem áður var notuð á hverri útstöð til að vista viðhengi í gagnagrunninn og er núna notast við vefþjónustur frá Sögu.Net í staðinn. Þetta þýðir u.þ.b. helmingi færri tengingar við gagnagrunninn og ætti því að minnka álagið á hann umtalsvert.

Hægt er að stilla kerfið þannig að það noti annaðhvort gagnagrunninn til að hýsa viðhengisskrár eða þá að skrárnar séu vistaðar á netdrifi sem Saga.Net netþjónninn hefur aðgang að. Þessu er stjórnað með stilligildi 1186 sem er sýnlegt í sögu og er það frumstillt þannig að það hýsi skrárnar í gagnagrunninum.

Tæknilegar upplýsingar:

1. Web.Config skrárnar fyrir Saga.Net ClientIntegration og SagaWeb vefþjónusturnar þurfa að innihalda eftirfarandi lykil:

```
<add key="AttachmentRootFolder" value="\\networkFileServer\FolderPath" />
```

þar sem value-ið vísar á net drifið. networkFileServer skal vera nafn vélarinnar sem hýsir viðhengin og FolderPath skal vera slóðin á rótarmöppuna þar sem viðhengisskrárnar munu hýstar.

2. Tryggja þarf að Saga.Net vélin hafi aðgang að þessari möppu. Það er gert í windows með því að hægrismella á möppuna, velja share og þar ætti að birtast gluggi þar sem stendur „Choose people on your network to share with ´´ þar þarf að fylla inn „domain\computername\$´´. Takið eftir „\$´´ á endanum.

3. „Application pool´´ sem Saga.Net keyrir undir skal vera stillt á localsystem. Hægrismellt á „application pool-ið´´ og Identity sett sem LocalSystem.

4. Bæta þarf við binding í web.config undir <basicHttpBinding> sem lítur svona út :

```
<binding name="attachmentHttpBindingConfiguration" maxBufferPoolSize="23000000"
    maxReceivedMessageSize="23000000" receiveTimeout="00:10:00" sendTimeout="00:10:00" >
    <readerQuotas maxDepth="100" maxStringContentLength="23000000"
maxArrayLength="23000000" />
</binding>
```

takið eftir að Time out er skilgreint sem 10 mínútur. maxBufferPoolSize, maxReceivedMessageSize, maxStringContentLength og maxArrayLength skulu vera minnst 23000000. Ef gildin í „httpBindingConfiguration´´ „<Binding>´´ stillingunni eru hærra þá er vissara að hafa þetta stillt til samræmis við það þ.e. nota hærra gildin.

5. Þjónustan fyrir viðhengi skal skilgreind svona í web.config fyrir ClientIntegration:

```
<service behaviorConfiguration="DefaultBehaviour"
name="Saga.Presentation.ClientIntegration.Attachments.AttachmentService">
    <endpoint binding="basicHttpBinding" bindingConfiguration="attachmentHttpBindingConfiguration"
contract="Saga.Presentation.ClientIntegration.Attachments.IAttachmentService" />
    <endpoint address="mex" binding="mexHttpBinding" contract="IMetadataExchange" />
</service>
```

6. Innan í <system.web> taginu í web.config fyrir ClientIntegration þarf að bæta við þessari línu:

```
<httpRuntime maxRequestLength="23000000" executionTimeout="600" />
```

7. Tryggja þarf að send_time_out og receive_time_out sé stillt á 10 mín í töflunni ga_webservice_path en það ætti að vera sett þannig upp sjálfgefið.

Hægt er að ganga úr skugga um þetta með því að keyra:

```
select * from ga_webservice_path where service_id = 'AttachmentService' og þá eiga gildin í báðum dálkunum að vera 10.
```



8. Búin var til runuvinnslan ExportSagaAttachmentsToFileSystem.exe sem sér um að exporta viðhengjum úr sögugrunninum yfir í möppur.

tt#52093,tt#52146,tt#52251,tt#52252,tt#52295,tt#52296,tt#52298,tt#52323,tt#52332,tt#52333

- Viðhengi

Nú birtast notendavænni skilaboð ef ekki tekst að vista eða sækja viðhengisskrár.

Nú kemur „Busy cursor“ þegar viðhengi eru ræst með skeljarforriti.

Nú færast skrunsláin í töflunni á skynsamlegan stað eftir því hvort verið er að opna eininguna í fyrsta skipti eða hvort valið er að birta viðhengi fyrir samskipti úr eyðublaða einingu. Virknin er svona:

1. Þegar opnað er í fyrsta skipti þá eiga efstu samskiptin að vera valin og sýnileg efst í töflunni.
2. Þegar valið er að birta viðhengi fyrir samskipti í eyðublaðaeiningu þá eiga þau samskipti að vera valin og sýnileg efst í töflunni.
3. Þegar komið er til baka í eininguna með venjulegum hætti (smellt á hana úr einingalista) þá eru gögnin ekki lengur sótt aftur. Ef notandi vill uppfæra gögnin þá er til þess sér hnappur og einnig er hægt að smella á „ctrl+F5“.

tt#52341,tt#52342,tt#52353,tt#52354,tt#52355,tt#52356,tt#52357,tt#52358,tt#52362,tt#52363

Vinnulisti (gaWorklist)

- Vinnulisti - Beiðnapottur

Fjöldi daga sem sóttir eru aftur í tímann í beiðnapotti í vinnulista er nú lesið úr stilligildi 1183. Það er upphaflega sett sem 7 dagar. Timeout fyrir gagnagrunnsfyrirspurnina var sett sem 2 mínútur.

ac#40999,tt#51873,tt#51874

- Vinnulisti - Rafræn skeyti

Fjöldi daga sem sóttir eru aftur í tímann í rafrænum skeytum í vinnulista er nú lesinn úr stilligildi 1187. Stilligildið er frumstillt á 14 daga og ef það er hreinsað eða sett sem 0 þá er sótt ótakmarkað tímabil.

ac#41248,tt#52092

- Vinnulisti (listi yfir móttekin/ólesin rafræn skeyti)

Þessi virkni hefur verið yfirfarin og listinn nú ekki lengur endurlesinn úr gagnagrunninum í hvert skipti sem textasýn skeytis er skoðuð og blað merkt lesið. Einnig er ekki lengur lesið úr gagnagrunni í hvert skipti sem síustillingum er breytt (t.d. sýna/fela send, ólesin o.s.frv.) heldur einungis þegar dagsetningarafmörkunum er breytt. Listinn yfir rafrænu skeytin er því nú töluvert hraðvirkari í notkun.

ac#41501,tt#52206,tt#52218